

Sameiginlegur fundur 19. nóvember 2020: Tillaga mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs, menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs og ofbeldisvarnarnefndar um vitundarvakningarátak gegn fordómum, áreitni og ofbeldi:

Lagt er til að vorið 2021 verði helgað vitundarvakningarátaki á starfsstöðum borgarinnar til þess að starfsfólk og borgarbúar upplifi að öll séu velkomin á þjónustustofnanir og starfsstöðvar Reykjavíkurborgar.

Átakið verði unnið með markvissri fræðslu, auglýsingum og veggspjöldum á þjónustustofnunum borgarinnar gegn fordómum, áreitni og ofbeldi. Að auki með yfirferð verklagsreglna og starfsaðferða með tilliti til þess að valdefla starfsfólk til þess að kljást með besta móti við krefjandi aðstæður sem upp geta komið með það fyrir sjónum að hafa upplifun af þjónustuveitingu borgarinnar og borginni sem starfsstað sem ánægjulegasta.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, íþrótt- og tómstundasviði og mannauðs- og starfsumhverfissviði er falið að móta átakið í samráði við önnur svið borgarinnar með aðkomu þeirra hagsmunasamtaka helstu hópa sem upplifað hafa fordóma í sinn garð. Um verkefnið verði skipaður sérstakur starfshópur sem geri áætlun um framkvæmdina og fylgi henni eftir.

Greinargerð:

Reykjavíkurborg er fjölbreytt borgarsamfélag þar sem öllum á að geta liðið vel. Borgaryfirvöld hafa markvisst unnið að því að auka aðgengi mismunandi hópa eins og allra kynja, fólks af ólíkum uppruna og fötluðu fólki að þjónustu borgarinnar, borgarlandinu og Reykjavíkurborg sem starfsstað.

11. júní 2020, samþykkti mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð að fela mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu í samráði við öll svið borgarinnar að vinna tillögur að því hvernig hægt er að koma í veg fyrir upplifun af fordómum og hvers kyns ofbeldi á þjónustustofnunum og starfsstöðvum borgarinnar. Var tillagan samþykkt í kjölfar atvika þar sem einstaklingar upplifðu fordóma í sinn garð með því fyrir sjónum að gera borgarumhverfið og þjónustu borgarinnar aðgengilegri öllum.

Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna borgarinnar sem fram fór í byrjun árs 2020 kemur m.a. fram að 13,6% starfsmanna borgarinnar upplifa áreiti af hálfu þjónustuþega og allt að 25% starfsmanna á einstökum sviðum borgarinnar.

Ýmis lög kveða á um aukin réttindi og þjónustu fyrir minnihlutahópa svo sem lög nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði og lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Önnur lög kveða á um jafna stöðu og jafna meðferð fólks út frá ólíkum breytum á borð við lög nr. 85/2018 um jafna meðferð einstaklinga óháð kynþætti og þjóðernisuppruna og lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Einnig ber að nefna lög nr. 86/2018 en í þeim er skýrt kveðið á um bann við allri mismunun fólks á vinnumarkaði, hvort heldur beina eða óbeina, á grundvelli kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar. Í 65. gr. stjórnarskrárinnar er svo kveðið á um að allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Í sömu grein segir enn fremur að konur og karlar skuli njóta jafns réttar í hvívetna.

Auk þess að fræða og setja á fót auglýsingaherferð yrðu þjónustuþættir og verkferlar yfirfarnir með tilliti til þess að hafa upplifun íbúa og starfsfólks sem besta. Betrumbætur yrðu gerðar þar sem þörf krefst. Með því að skýra og endurhanna þjónustu- og verkferla er hægt að gera starfsfólk öruggara gagnvart áskorunum sem upp geta komið og koma í veg fyrir óþarfa hnökra og núning. Þar að auki gæti það verið til þess fallið að auka ánægju með þjónustu og þjónustustofnanir borgarinnar.



R20100061

ERINDISBRÉF

Starfshópur um vitundarvakningarátak gegn fordómum, áreitni og ofbeldi

Ábyrgðarmaður:

Mannréttindastjóri, sviðstjóri íþrótt- og tómstundasviðs og sviðstjóri mannauðs og starfsumhverfissviðs.

Hlutverk:

Á sameiginlegum fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs, menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs og ofbeldisvarnarnendar Reykjavíkurborgar 19. nóvember 2020 var samþykkt að helga vorið 2021 vitundarvakningarátaki á þjónustu- og starfsstöðum borgarinnar með því markmiði að öll upplifi sig velkomin á þjónustu- og starfsstofnanir borgarinnar óháð uppruna, þjóðerni, stétt, litarhætti, trúarbrögðum, kyni, kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu, kyneinkennum, aldri, fötlun, holdafari, líkamsgærd, heilsufari, atgervis eða annarri stöðu.

Átakið felur m.a. í sér að vera með vitundarvakningu gegn ofbeldi, áreitni og fordómum í borgarsamfélaginu, að vera með fræðslu á þjónustu- og starfsstöðum um margbreytileikann í borgarsamfélaginu, og svo að valdefla starfsfólk til þess að kljást með besta móti við krefjandi aðstæður sem upp geta komið með það fyrir sjónum að hafa upplifun af þjónustuveitingu borgarinnar og borginni sem starfsstað sem ánægjulegasta.

Helstu verkefni:

- Að vinna tillögur að og undirbúa framkvæmd vitundarvakningarátaks í borgarsamfélaginu meðal almennings og starfsfólks gegn fordómum, áreitni og ofbeldi á þjónustu- og starfsstöðvum borgarinnar með tíma- og kostnaðaráætlun.
- Halda utan um samráð um framkvæmdina við öll svið borgarinnar og þá hópa sem upplifað hafa fordóma, áreitni og ofbeldi í sinn garð á þjónustu- og starfsstöðum borgarinnar.
- Finna leiðir til að valdefla starfsfólk til þess að kljást með besta móti við krefjandi aðstæður sem upp geta komið með það fyrir sjónum að hafa upplifun af þjónustuveitingu borgarinnar og borginni sem starfsstað sem ánægjulegasta s.s. með yfirferð yfir verk- og þjónustuferla.
- Gera áætlun um og skipuleggja fræðslu innan borgarinnar með verk- og tímaáætlun.
- Standa að gagnaöflun vegna verkefnisins.

**Fulltrúar í starfshópi:**

Fulltrúi mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu

Fulltrúi íþróttá- og tómstundasviðs

Fulltrúi mannauðs- og starfsumhverfissviðs

Með starfshópnum starfa fulltrúar VEL, SFS, USK, ÞON, FÁST og MOF, eftir því sem þurfa þykir. Sérstaklega verður horft til aðkomu þeirra þegar farið verður í fræðslu á viðkomandi sviði. Í því tilliti verður tekið mið af aðstæðum vegna Covid19.

Starfsmaður:

Starfsmaður mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu

Starfstími vinnuhóps:

Starfshópurinn skili áfangaskýrslu með tillögum um tilhögun verkefnis og drögum að kostnaðaráætlun í janúar 2021.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfsfólk borgarinnar

Svið innan borgarkerfisins

Hagsmunasamtök og grasrótarfélög, m.a. Samtökin 78 og Trans Ísland

Háskólasamfélagið

Jafnréttisstofa

Fjölmeningarsetur

Samráðsnefndir Reykjavíkur

Reykjavík, 19. nóvember 2020